

Umsögn íbúaráðs Breiðholts um nýjar leiðakerfishugmyndir Strætó bs. Samþykkt á fundi ráðsins þann 6. janúar 2020.

Íbúaráðið gleðst yfir uppbyggingu almenningsamganga sem þjónusta Breiðholtið. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að Breiðholtið tengist allt inn í Mjódd með stofnleið eða almennri leið. Aftur á móti er ekki gert ráð fyrir beinni tengingu við helstu framhaldsskóla eins og MR, Versló og Kvennó, heldur er gert ráð fyrir að hluti notenda skipti um vagn í Vogabyggð, sem verður stór skiptistöð og þar er hægt að skipta yfir í stofnleið B og E sem stoppa hjá MS, MR og Kvennó. Breiðholtið tengist HR um stofnleið C yfir í stofnleið A um endastöðina í Salahverfinu en sú tenging er mikilvæg fyrir Breiðholtið sem er gott. Sú leið fer einnig niður að Ráðhúsi nálægt MR, Kvennó og miðbænum. Breiðholtið tengist því Reykjavík mjög vel með stofnleið C en að lágmarki með því að skipta yfir í aðra stofnleið í Vogabyggð. Ráðið vill brýna fyrir að jafn fjölmennt hverfi og Breiðholtið er, að hafa sem flestar beinar leiðir til stærstu framhaldsskóla, háskóla og atvinnukjarna án þess að þurfa að skipta um vagna á leiðinni. Kerfið á að vera byggt upp þannig að auðvelt og fljótlegt verði að skipta um stofnleiðavagn. Notendur eiga ekki þurfa að bíða lengi eftir næsta vagni, sérstaklega ekki á háannatíma og þ.a.l. á ekki að taka langan tíma að ferðast með strætó.

Í öðru lagi virðist nýja leiðarkerfið þjónusta flesta íbúa Breiðholts vel með stofnleið C en þeir sem eru fyrir utan hana sbr. neðra Seljahverfið og efstu Hólar eru ekki að fá eins góða þjónustu en komast inn í leiðina með almennri leið um Mjódd. Mjódd þarf því að vera stór skiptistöð þar sem hægt væri að geyma bæði hjól og bíla fyrir þá sem ná ekki að fara upp í vagn C en geta hjólað/keyrt niður í Mjódd og farið þar í C.

Þá vill Íbúaráðið koma því áleiðis til Strætó BS að einblína ekki eingöngu á fjarlægðar útreikninga á loftlínu við staðsetningu bíðstöðva. Taka þarf tillit til íbúa með skerta hreyfigetu þegar hugað er að fjarlægðum milli stöðva, ekki síst í ljósi legu og uppsetningu hverfisins.

Að lokum þarf að skoða betur almenna leið sem myndi þjónusta íþróttar og menningarstöðvar í Breiðholtinu og tengja þær saman eins og Íþróttasvæði ÍR í suður-Mjódd, Sundlaugina, menningarmiðstöðina í Gerðubergi, Bókasafnið, Leiknissvæðið og Fjölbrautaskólann í Breiðholti við Austurberg.